

Reglur ÍF í boccia vegna COVID-19
(með fyrirvara um breytingar frá heilbrigðisráðuneytinu)
Gildistími: 15. mars 2021 - 15. júní 2021

Vegna hópsýkinga og fjölgunar á Covid-19 smitum í samfélaginu þá hafa stjórnvöld gripið til hertra sóttvarnaaðgerða. Hópsýkingarnar eru allar af völdum breska afbrigðis kórónaveirunnar sem er mun meira smitandi en flest önnur afbrigði og veldur frekar alvarlegum veikindum. Sóttvarnalæknir leggur áherslu á að hertar aðgerðir taki nú til barna allt frá grunnskólaaldri þar sem sýnt þykir að breska afbrigðið veldur meiri einkennum hjá eldri börnum en önnur afbrigði veirunnar.

Heilbrigðisráðuneytið hefur birt nýja reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem tekur gildi á miðnætti og mun gilda í þrjár vikur eða til 15. apríl. Helstu þættir sem varða íþróttastarfið eru eftirfarandi:

Nándarregla verður áfram tveir metrar og reglur um grímuskyldu óbreyttar. Sem fyrr verða börn fædd 2005 og síðar undanþegin grímuskyldu en falla undir fjölda- og nálægðartakmarkanir. Börn í leikskólum eru undanþegin tveggja metra reglunni og fjöldatakmörkunum.

- Almennar fjöldatakmarkanir miðast við 10 manns og ná til allra sem fæddir eru 2014 eða fyrr.
- Sund- og baðstaðir verða lokaðir.
- Heilsu- og líkamsræktarstöðvar verða lokaðar.
- Íþróttir barna og fullorðinna, þar með taldar æfingar og keppni innan- eða utandyra, sem krefjast meiri nálægðar en tveggja metra á milli einstaklinga eða þar sem hættu er á snertismiti vegna sameiginlegs búnaðar, **eru óheimilar**.

Reglur þessar eru settar upp vegna auglýsingar heilbrigðisráðuneytis dags 24. mars sl. um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og gilda þar til annað verður ákveðið. Reglurnar hafa sama gildistíma og eiga við um fullorðna. Íþróttæfingar og -keppni barna og fullorðinna, innan- og utandyra, með og án snertingar, eru heimilar. Hámarksfjöldi á æfingum skal vera 10 manns.

Almennt

Markmið þessara reglna er að tryggja að umgjörð boccia-æfinga verði með þeim hætti að hægt sé að halda áfram að stunda boccia á Íslandi þrátt fyrir að Covid-19 sé enn við lýði í íslensku samfélagi. Mikilvægasta vopn samfélagsins gegn COVID-19 eru þær almennu sóttvarnaaðgerðir sem embætti landlæknis og almannavarnir hafa kynnt ítarlega síðustu mánuðina. Þessar almennu aðgerðir eru hér með gerðar að skilyrði fyrir því að hægt sé að halda áfram iðkun boccia á Íslandi næstu misserin án þess að sífellt sé hættu á því að þurfa að skella öllu í lás á nokkurra vikna fresti.

Markmiðið er að lágmarka áhættuna á að þátttakendur smitist af COVID-19. Markmiðið er jafnframt og ekki síður að stöðva smit til annarra, ef einstaklingur sýkst þrátt fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir. Mikilvægt er að öllum þátttakendum í boccia sé gert það ljóst að ekki er hægt að útrýma sýkingarhættu að öllu leyti. Þátttaka er því alfarið á ábyrgð hvers einstaklings fyrir sig.

Þátttakendur í bocciastarfi sem sýkst hafa þurfa eins og aðrir að halda sig í einangrun þar til liðnir eru a.m.k. 14 dagar frá greiningu/jákvæðu sýni (greiningarprófi) og að hann/hún hafi verið einkennalaus í a.m.k. 7 daga. Áður en að boccia-iðkandi getur hafið æfingar og keppni á ný þarf mat læknis til staðfestingar á að hann/hún sé fær til æfinga samkvæmt fyrirliggjandi leiðbeiningum.

Um æfingar á vegum ÍF og aðildarfélaga gildir:

1. Áhorfendur eru ekki leyfðir við æfingar.
2. Fjarlægðarreglur (tveggja metra regla) skal virða alls staðar, hvort sem er á æfingum, fundum, við upphitun eða við keppni á æfingum. Eingöngu er mögulegt að spila einstaklingskeppni og skulu keppendur vera staðsettir í reitum 2 og 5 (í stað 3 og 4) til að uppfylla fjarlægðarregluna. Ef spilað verður í rennuflokki þurfa bæði leikmaður og aðstoðarmaður að nota grímu vegna nálægðar (eina undantekningin á þessu er að ef iðkandi og aðstoðarmaður búa á sama heimilisbr. reglur sóttvarnalæknis).
3. Boltar skulu sóttthreinsaðir milli æfinga og á milli leikja.
4. Undantekning er gerð á tveggja metra reglunni við æfingar á sveitakeppni með tveimur leikmönnum í sveit. Þá er kastreit 2 og 5 skipt í tvennt þannig að kastreitirnir verði fjórir. Þeir sem eru í endareitunum færa sig út fyrir hliðarlínur (út fyrir völlinn) þegar að þeir eru ekki að kasta. Þá myndast rými fyrir þá sem eru í reitum 3 og 4 til að færa sig nær hliðarlínunum þegar þeir eru ekki að kasta. Allir nota grímu og verða sjálfir að tryggja tveggja metra millibil eins og hægt er. Ekki skal færa keppendur milli valla á sömu æfingu, þannig að nálægðin sé við sem fæsta á æfingunni.
5. Hverju félagi ber að skipa sérstakan sóttvarnarfulltrúa sem ber ábyrgð á því að farið sé eftir þeim reglum sem nefndar eru í þessu skjali. Nafni sóttvarnarfulltrúa við bocciaæfingar skal skila á if@ifsport.is með tölvupóstfangi og símanúmeri. Það er jafnframt á ábyrgð sóttvarnarfulltrúa að tryggja að allir aðilar viðkomandi félagsins séu meðvitaðir um þessar reglur. Sóttvarnarfulltrúi skal tryggja að leikmenn, þjálfarar og allir aðrir starfsmenn liða þekki til almennra sóttvarnaraðgerða og að þeim sé fylgt. Sóttvarnarfulltrúi ber einnig ábyrgð á því að allir fyrrnefndir aðilar þekki til helstu einkenna COVID-19. Leikmanni eða starfsmanni liðs, sem finnur fyrir einkennum, er óheimilt að umgangast liðsfélaga sína eða starfsmenn liðsins. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að þessu sé fylgt án nokkurra undantekninga.
6. ÍF gefur aðeins út reglur varðandi æfingar en ekki keppni að þessu sinni. Breyttar bocciareglur fyrir keppnisboccia verða ekki gefnar út fyrr en í fyrsta lagi þegar almannavarnir og sóttvarnarlæknir hafa slakað meira á reglum. Núverandi reglur vegna æfinga gilda því þar til annað verður ákveðið.

Varðandi framkvæmd æfinga (tillögur frá boccianefnd ÍF):

Samkvæmt tilslökunum sem taka gildi 13. janúar heimilar Boccianefnd ÍF æfingar í Boccia einstaklings með því að nota reiti 2 og 5. Þar með er 2ja metra reglunni fullnægt. Eins er hægt að æfa parakeppni með því að skipta kastreitunum 6 í fjóra kastreiti þannig að reitur 2 og 5 eru helmingaðir. Þegar að spilað er, reyna menn að halda 2ja metra fjarlægð eins og kostur er. Það má t.d. gera á þann hátt að þegar þeir sem eru á endunum eru ekki að kasta fari úr fyrir sína reiti, þ.e. út fyrir hliðarlínur vallanna. Þar með ættu þeir tveir sem eru í miðju reitunum að geta haldið 2 metrum á milli sín. Þetta þýðir að langhliðar aðliggjandi valla meiga ekki vera of þétt saman til að nægjanlegt pláss sé utan vallar. Ef þess þarf er hægt að spila á móti öðrum á samhliða völlum. Þannig skapast pláss fyrir þá sem þurfa að fara út fyrir hliðarlínurnar.

Rétt er að allir sem geta noti grímur og hanska. Ef hægt er að koma því við að hver og einn sé með sína bolta, eða bolta félagsins sem aðrir nota ekki á sömu æfingu. Hver og einn sækir sína bolta sjálfur. Aðeins einn fer í einu að ná í sína bolta, til að fyrirbyggja of mikla nálgun.

Þetta byggist á því að hver og einn gæti að 2ja metra reglunni sjálfur og biðji þá sem eru fyrir um að færa sig til að skapa rými.

Formaður boccianefndar ÍF er einnig boðinn og búinn til þess að leiðbeina aðildarfélögum ÍF við nánari útfærslur æfinga sé þess óskað.

Keppni

Reglur um framkvæmdir á keppnum í boccia á vegum Íþróttasambands fatlaðra verða útfærðar síðar. Sé um landshlutamót eða innanfélagsmót að ræða bendir ÍF á að haga því mótahaldi í samræmi við gildandi sóttvarnarreglur og reglur ÍF varðandi framkvæmd æfinga.

Sóttvarnarfulltrúi: Muna að skila nafni, tölvupóstfangi og símanúmeri til if@ifsport.is eins fljótt og auðið er svo æfingar geti hafist með leyfi almannavarna og ÍSí.